

3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

93
14. júlí

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

94
16. júlí

fyrir Ræktunarsambandið Hvalfjörður.

1. gr.

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Akraneskaupstaðar, Búnaðarfélag Innri-Akraneshrepps, Búnaðarfélag Skilmannahrepps, Búnaðarfélag Leirár- og Melahrepps og Búnaðarfélag Hvalfjarðarstrandarhrepps, í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltatraktora með víðeigandi verkfærum, og önnur áhöld, er henta þykir.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa fimm menn, formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Kjörnir af búnaðarfélagunum á sambandssvæðinu, til þriggja ára í senn og jafnmargir til vara. Þó skal fyrsta stjórnin aðeins kosin til eins árs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meiri hluti stjórnarnefndarmanna eru mættir.

4. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt sem fulltrúar búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn og einn til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmæts aðalfundar.

5. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag

94 ¼ hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, 16. júlí ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd sem framlög til vélakaupanna.

6. gr.

Samþykkt þessari má aðeins breyta á aðalfundi, með minnst ⅓ atkvæðisbærra fundarmanna.

7. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því sem fyrir er mælt í 1.—5. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-samþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

8. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarféлага þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmetum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. aukaaðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

95

16. júlí

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Mýramanna.

1. gr.

Búnaðarfélag þau í Mýrasýslu, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Borgarhrepps, Búnaðarfélag Borgarneshrepps, Búnaðarfélag Álftaneshrepps og Búnaðarfélag Hraunhrepps.

2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út stórvirkar ræktunarvélar, svo sem beltadráttarvélar með víðeigandi verkfærum og önnur þau tæki, sem henta þykja.

3. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Skal einn maður kosinn af hverju búnaðarfélagi og einn af aðalfundi ræktunarsambandsins, allir til tveggja ára í senn, þó þannig, að eftir eitt ár gangi tveir menn af þeim